

Mættir: María Pálmadóttir, skólastjóri, Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra, Selma Jónasdóttir, fulltrúi kennara, Ragnheiður Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna, Kristófer Óttar Úlfarssons, fulltrúi nemenda, Vilborg Harðardóttir, fulltrúi nemenda og Pálmar Sigurðsson fulltrúi grendarsamfélags. Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra tilkynnti forföll.

1. Úttekt Mennta- og menningamálaráðuneytis á starfi Setbergsskóla.

Skólastjóri kynnti skýrslu með niðurstöðum úttektarinnar og kom fram að skólastarf í Setbergsskóla er starfsrækt samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem krafist er. Umbótaáætlun á að skila fyrir 20. Febrúar og verður sú áætlun unnin í samstarfi við allt starfsfólk skólans.

2. Mat á skólastarfi - Skólapúlsinn.

Farið var yfir niðurstöður kannana Skólapúlsins sem unnar voru á haustönn. Valdir þættir voru skoðaðir eins og lestu, náttúruvísind og agi í skólanum.

3. Símenntunaráætlun starfsmanna Setbergsskóla.

Kynnt var símenntunaráætlun starfsmanna skólans en hún er unnin út frá þeim verkefnum sem unnið er við í skólanum og þörfum skólastarfsins og óskum starfsmanna.

4. Skólaþing 5. mars 2012.

Ákveðið var að hafa skólaþing Setbergsskóla skipulagsdaginn 5. Mars kl. 8:10- 9:30. Málefni þingsins fjallar um yndislestur eða læsi. Þar mun verða farið yfir það sem er gert í skólanum í tengslum við læsi, skoðaðar kannanir um stöðu mála og fenginn utanaðkomandi fyrirlesari (Brynhildur). Rætt er um mikilvægi þess að fá foreldra til að mæta og er talað um að hringja heim og boða.

5. Önnur mál.

- Fram kom að búið er að gera heilmiklar lagfæringar á kyndikerfinu í skólanum. Einnig var skipt um fyrirtæki sem sér um viðhald og þjónustu og er það fyrirtækið Hitastýring sem tekur við af Íslofti og vonum við að það takist að halda hitanum inni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:30.
Hrönn Bergþórsdóttir ritaði fundagerð.